

Fundarstaður: TEAMS-fundur kl 11:00 á tíma samkomubanns vegna COVID-19.

Á fundinn mættu: Þórhallur Jóhannsson, Arna Björg Bjarnadóttir, Signý Ormarsdóttir, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri.

Dagskrá

1. Úttekt TGJ á byggðakjarna
2. Samfélagssjóðurinn
3. Önnur mál

Formaður setti fund. Gengi til dagskrár.

1. Úttekt TGJ á byggðakjarna.

Samfélagsnefnd fór yfir minnispunkta verkefnastjóra frá kynningarfundum TGJ vegna úttektar á byggðakjarna innan marka Fljótsdalshrepps. Tekið er almennt undir þá fyrirvara sem fulltrúar TGJ lögðu fram vegna aðstæðna þegar vettvangsferðina var farin, m.a. vegna veðurs og færðar. Einnig voru nokkuð skiptar skoðanir á birtingamynd ákveðinna úttektaþátta, t.d. varðandi veðursæld sem vel er þekkt í Fljótsdal og allt að því óþarfi að draga þann þátt sérstaklega sterkt fram í úttekt, auk þess sem má bæta úr með skógrækt.

Nefndarmenn aftur á móti sammála að úttektin gefur nokkuð sannfærandi mynd á staði sem geta komið vel út, miðað við forsendur. Miðað við þá níu staði sem skrásettir voru og kynntir eru nefndarmenn sammála að ekki ætti að horfa frekar á eftirfarandi staði; Valþjófsstaður II, Valþjófsstaður I, Skriðuklaustur-Skriða og Eyrarland.

Samfélagsnefnd samþykkir að beina því til sveitarstjórnar að kanna fyrst og fremst grundvöllin fyrir mögulegri byggð á Melum eða Hamborg.

Áætlað var að skýrsla TGJ kæmi út fyrir páska. Rætt um mikilvægi þess að gera skýrsluna aðgengilega þegar sveitarstjórn hefur tekið afstöðu og kannað grundvöll fyrir samkomulagi við landeiganda. Í framhaldi að senda út tilkynningu með hvatningu um að aðilar kynni sér úttektina, m.a. í gegnum fésbókina. TGJ mun svo í þriðja áfanga útfæra og leggja grunn að deiliskipulagi fyrir byggðakjarnann, sbr. samkomulag þar um.

2. Samfélagssjóður

Verkefnastjóri fór yfir það að í dag miðvikudaginn 8. apríl var Samfélagssjóðurinn kynntur og opnað fyrir umsóknir í hann. Allar upplýsingar um sjóðinn eru komnar inn á fljótsdalshreppur.is og vísað í þá síðu í gegnum auglýsingar og fréttatilkynningar. Frétt birtist hjá Austurbrú og á vef Austurfrétta. Auglýsing mun birtast í Dagskránni í vikunni og verður í tvær vikur uppi á vef Austurfrétta. Frétt er auk þess kominn inn á fésbókarsíðu Austurbrúar til deilingar. Tilkynningar verða svo senda út á Fréttablaðið, Morgunblaðið auk N4, Rúv og Bændablaðið.

3. Önnur mál

Samfélagsnefnd samþykkir að hvetja sveitarstjórn til að endurskoða úthlutunarreglur umhverfissjóðs, þannig að aðilar geti fengið stuðning við íbúðabygginga óháð því að vera eigandi/umráðamaður lögbýla í Fljótsdalshrepp. Mikilvægt er að hugsa t.d. til afkomenda og ættingja eigenda sem og aðila sem greitt hafa sitt útsvar til hreppsins. Lögð er þó áhersla á að því muni fylgja ákveðnar kvaðir gagnvart styrkhöfum.

Næsti fundur er áætlaður 6. maí

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:20

Ásdís Helga Bjarnadóttir
ritaði